

Djáknafélag Íslands

©Djáknafélag Íslands 2010
Pétur Björgvin Þorsteinsson,
djákní í Glerárkirkju og Evrópufræðingur (MA)



Dr. Pétur Pétursson og dr. Thomas Zippert ásamt skýrsluhöfundi.

DR. THOMAS ZIPPERT Á ÍSLANDI – SKÝRSLA AÐ HEIMSÓKN LOKINNI



Dr. Thomas Zippert á Íslandi

Í þau 15 ár sem Djáknafélag Íslands (DÍ) hefur verið starfandi hefur stjórn og félagsfólki Djáknafélags Íslands (DÍ) verið djáknanámið við Háskóla Íslands (HÍ) mjög umhugað og almennur vilji hjá félagsfólki til þess að styðja við framkvæmd námsins og nemendur sjálfa. Til þess að vinna frekar að þessum málaflökki var lögð fram tillaga stjórnar DÍ á aðalfundi félagsins vorið 2008 þess efnis að félagið stæði fyrir því að fá gesti erlendis frá til að greina frá þróun í djáknanámi, en fulltrúar stjórnar DÍ höfðu áður átt fund með Hjalta Hugasyni þáverandi deildarforseta guðfræði- og trúarbragðafræðideildar HÍ og Ragnheiði Sverrisdóttur, sviðstjóra kærleikspjónustusviðs Biskupsstofu til undirbúnings viðkomandi verkefnis. Í framhaldi af samþykkt aðalfundar þess efnis að verkefnið yrði framkvæmt, sótti DÍ um styrk til kynningar-, útgáfu- og fræðslusjóðs kirkjunnar og fékk félagið samþykktan styrk að upphæð 150.000,- krónur. (Umsókn og greinargerð fylgja skýrslu þessari í viðhengi) Til þess að halda utan um verkefnið gekk DÍ til samstarfs við kærleikspjónustusvið Biskupsstofu og guðfræði- og trúarbragðafræðideild HÍ. Í undirbúningsnefnd áttu sæti: Fyrir hönd DÍ: Nanna Guðrún Zoega, Magnea Sverrisdóttir og Pétur Björgvin Þorsteinsson. Fyrir hönd HÍ: Hjalti Hugason (til 31. desember 2009) og Pétur Pétursson (frá 1. janúar 2010). Fyrir hönd kærleikspjónustusviðs Biskupsstofu: Ragnheiður Sverrisdóttir. Undirbúningsnefndin átti fimm formlega fundi en auk þess fór stór hluti undirbúningsins fram í formi netsamskipta. Heildarkostnaður verkefnisins er um 250.000 krónur.

Upphaflega hafði verið ráðgert að fá til landsins þrjá erlenda aðila sem hver um sig kæmi inn með aðra sýn á djáknanám og hlutverk djákna en sökum breyttra efnahagslegra aðstæðna var sú hugmynd þróuð yfir í að fá til landsins einstakling sem hefði víðari yfirsýn heldur en bara frá einum skóla. Við leit að einstaklingi var haft samband við Eurodiaconia sem kirkjan er aðili að og þau beðin að koma með tillögur um einstakling sem kæmi til greina. Eftir nokkur samtöl og rannsóknarvinnu var ákveðið að hafa samband við dr. Thomas Zippert sem er í forstöðu fyrir „Akademie für soziale Berufe“ hjá Hephata (<http://hephata.de/>) í Schwalmstadt í Þýskalandi.

Dr. Thomas Zippert verður að teljast einn af frammámönnum innan þýsku kirkjunnar og má geta þess að hann var meðal annars nýverið í biskupskjöri um embætti í mið-Þýskaland (EKM) en

náði ekki kjöri. Dr. Zippert er biskupssonur, fæddur 1961 í Magdeburg, nam guðfræði í Marburg, Heidelberg, Jerúsalem og München. Hann starfaði fyrst sem sóknarprestur í Eschwege prófastsdæminu en fór svo í doktorsnám þar sem hann skrifaði um Johann Gottfried Herder. Frá 1997 var Thomas Zippert yfir símenntun presta í menntunarmiðstöð þeirra í Hofgeismar. Frá árinu 2002 hefur hann verið yfir fyrrnefndri „Hephata, Akademie für soziale Berufe“ í Schwalmstadt. Thomas Zippert er giftur Veroniku Zippert sem er einnig prestur og eiga þau hjónin þrjú börn. Ástæðan að baki því að dr. Thomas Zippert var valinn var ekki aðeins forstaða hans við fyrrnefnda menntastofnun og bakgrunnur hans heldur ekki síður að hann hefur verið mjög virkur í samstarfshópi þeirra sem veita djáknanámi hjá hinum ýmsu stofnunum í Þýskalandi forstöðu og að hann tók þátt í vinnu slíkra á vettvangi þýsku kirkjunnar (EKD) um stefnumótun djáknanámsins en skólastofnun hans starfar innan regnhlífasamtaka sem nefnist Verband Evangelischer Diakonen-, Diakoninnen und Diakonatsgemeinschaften in Deutschland (VEDD).

Tekin var ákvörðun um að biðja dr. Zippert að tala á samtals þremur fundum þá daga sem hann dvaldi á Íslandi, í fyrsta lagi um djáknanámið og þá sér í lagi í ljós Bologna ferlisins, í öðru lagi um kærleikspjónustumiðstöðina Hephata, starfið þar og þá hugmyndafræði sem starfið byggði á og í þriðja lagi opinn fyrirlestur um eitt af þeim efnum sem dr. Zippert væri sérfræðingur í. Ákveðið var að fundur um djáknanámið yrði á Biskupsstofu á vegum kærleikspjónustusviðs Biskupsstofu. Þangað yrði boðið fulltrúum guðfræði- og trúarbragðafræðideildar HÍ, biskupi og sviðsstjórum af biskupsstofu sem og fulltrúum djákna og djáknanema. (Listi yfir þá sem sátu fundinn er í viðhengi). Aðalumsjón með fundinum á biskupsstofu hafði Ragnheiður Sverrisdóttir. Þá var ákveðið að fundur um kærleikspjónustumiðstöðina Hephata yrði haldinn í Grensáskirkju á vegum djáknafélagsins. Um opinn félagsfund yrði að ræða sem auglýstur yrði sem víðast. (Listi yfir þá sem sátu fundinn er í viðhengi). Aðalumsjón með þeim fundi hafði Nanna Guðrún Zoëga. Þriðji fundurinn var svo í formi opins fyrirlesturs í stofu 226 í aðalbyggingu Háskóla Íslands og sóttu um 20 manns þann fund. Aðalumsjón með þeim fundi hafði Pétur Pétursson. Um frekari verkaskiptingu er það að segja að Nanna Guðrún Zoëga tók að sér það gestgjafahlutverkið og aðstoði hún dr. Zippert sem kom hingað með eiginkonu sinni við ýmsan ferðaundirbúning, tók á móti þeim hjónum á flugvellið, ók þeim þangað sem þau þurftu eða vildu komast, lét sér annt um velferð þeirra og skutlaði þeim svo að lokum aftur til Keflavíkur. Þá hafði Pétur Björgvin

Þorsteinsson það hlutverk að vera tengill við dr. Zippert í undirbúningsferlinu þar sem lagðar voru línur um innihald hvers fyrirlesturs fyrir sig í samráði við fundarhaldara.

Dr. Zippert lýsti ánægju sinni með Íslandsdvölinna og sagðist þakklátur fyrir að hafa fengið það tækifæri að kynnst landi og þjóð og þá sérstaklega djáknum og öðru kirkjunnar fólki og leitar hann nú eftir samstarfsmöguleikum við söfnuði og sérílagi háskólann varðandi starfsþjálfun, nemenda- og kennaraskipti.

Hér á eftir er gert grein fyrir fyrirlestrunum þremur sem dr. Zippert hélt, en þó þannig að mest áhersla er lögð á að greina ítarlega frá frásögnum hans og ábendingum um djáknanámið en hinum fyrirlestrunum gerð skil í styttra formi. Þá er gefið fyrst stutt almennt yfirlit um Hephata, námið og starfið þar. Tekið skal fram að til skýringa hefur ýmsu efni verið bætt við í kafla 2, um nám og kröfur til djákna, umfram það efni sem dr. Zippert setti fram. Þannig má ekki skilja þann kafla sem hreina endursögn eða útdrátt á erindi hans einhliða.

1. Hephata

Hjá [Hephata](#) er djáknanámið tvenns konar. Annars vegar er boðið upp á djáknanám sem tengist inn í félagsráðgjafanám við [evangelíska fagháskólann í Darmstadt](#) og hins vegar upp á nám samhliða vinnu fyrir þau sem lokið hafa fóstunámi, hjúkrunarnámi eða sambærilegu¹. Í kynningarefni frá Hephata eru nefnd nokkur dæmi um hvað djáknar geri: Þeir sjá um guðsþjónustur fyrir leikskólabörn, aðstoða fólk sem erfiðar í lífsbaráttunni, skipuleggja ferðalög með fermingarbarnahópum, standa á bak við hátíðarhöld með kristnum brag, eru samferða fólki með fötlun í andlegu ferðalagi og ræða við fólk um trúarspurningar.

Þau sem lokið hafa námi hjá Hephata mynda félagsskap sem heitir „Diakonische Gemeinschaft Hephata.“ Félagið hefur sett sér það markmið að vinna að uppbyggingu á díakonískri kirkju, þ.e. kirkju þar sem kærleiksþjónustan í víðum skilningi er í fyrirrúmi. Slíkri kirkju er það hjartans mál að vinna að samstöðu í þjóðfélaginu öllu. Tekið er fram í kynningu félagsins að það sé trúin á Guð sem mannvinn sem styrkir þau í baráttunni fyrir félagslegu réttlæti.

¹ Athugasemd við orðalag: Hér er valið að tala um fóstunám, hjúkrunarnám eða sambærilegt nám en átt er við nám á EQF stigi 5, þ.e. á sama stigi og nám til stúdentsprófs, hér er ekki um nám á háskólastigi sambærilegt við hjúkrunarfræði eða leikskólakennara að ræða, þó svo að starfsréttindi sem hljótast með náminu sem slíku geti veitt svipuð starfsréttindi.

Djåknanámið á Hephata er margþætt og má finna yfirlit yfir þá möguleika sem boðið er upp á innan þess á mynd 4 á bls. 17 í þessari skýrslu. Náminu getur til dæmis lokið með B.A. prófi í félagsráðgjöf (Soziale Arbeit) með áherslu á safnaðaruppeldisfræði og diakoníu. Ein einnig getur viðkomandi að loknu t.d. hjúkrunarnámi farið í tveggja ára starfstengt nám / þjálfunarferli í umsjón og á ábyrgð annars vegar evangelísku kirkjunnar í Kurhessen-Waldeck og hins vegar evangelísku kirkjunnar í Hessen og Nassau til að öðlast réttindi sem djákni.

Allt frá árinu 1901 hefur Hephata verið til staðar fyrir fólk á öllum aldri óháð trúarbrögðum og þjóðerni. Hephata er rekið sem samfélagslega ábyrgur félagsskapur og er hluti af Diakonisches Werk í Þýskalandi. Nafn félagsskaparins er tekið úr frásögn í sjöunda kafla Markúsarguðsspjalls (vers 32-37) þar sem Jesús lækna blindan og heyrnarlausan mann: „*Þá færa menn til hans daufan og málhaltan mann og biðja hann að leggja hönd sína yfir hann. Jesús leiddi hann afsíðis frá fólkinu, stakk fingrum sínum í eyru honum og vætti tungu hans með munnvatni sínu. Þá leit hann upp til himins, andvarpaði og sagði við hann: „Effaða, “ það er: Opnist þú. Og eyru hans opnuðust og haft tungu hans losnaði og hann talaði skýrt. Jesús bannaði þeim að segja þetta neinum en svo mjög sem hann bannaði þeim því frekar sögðu þeir frá því. ³⁷ Menn undruðust mjög og sögðu: „Allt gerir hann vel, daufa lætur hann heyra og mállausa mæla.“* Hephata lætur til sín taka á sviði umönnunar fólks sem býr við fötlun, endurhæfingu þeirra sem eiga við fíknir að stríða, stuðningi og búsetuúrræða fólks sem á við geðraskanir að stríða auk þess að bjóða upp á heimili fyrir eldri borgara og ýmis skólatengd úrræði fyrir þau sem þurfa á sérstakri aðstoð á því sviði að halda. Um 2000 manns starfa á vegum Hephata víðsvegar í Hessen og nágrennahéruðum en aðalstöðvar Hephata hafa frá upphafi verið í Schwalmstadt-Treysa.

2. Um nám og kröfur til djákna

Frá árinu 2004 hefur staðið yfir vinna við tillögugerð um endurskipulagningu djáknanámsins innan VEDD, regnhlífasamtaka djáknafélaga og menntastofnanna þeirra sem koma að djáknanámi, í samstarfi við önnur tvö álíka regnhlífasamtök í Þýskalandi, Kaiserswerther Verband Deutscher Diakonissen-Mutterhäuser og Zehlendorfer Verband für Evangelische Diakonie.² Erindi dr. Thomas Zippert á Biskupsstofu byggði á þessari vinnu og hans sýn á henni.

² Sjá: www.diakonat.org

Þessi vinna varð nauðsynleg í samhengi ákvarðana á vettvangi ESB, sér í lagi Bologna ferlisins³, Brugge-Kaupmannarhafnar ferlisins (Bruges-Copenhagen Process)⁴ og þess gæðaramma sem stofnanir ESB settu fram árið 2008 og nefnist European Qualifications Framework for Lifelong Learning (EQF). Tillögugerð sú sem dr. Zippert kynnti á fundinum og nálgast má er ekki bindandi fyrir aðildarfélög fyrrnefndra þriggja regnhlífasamtaka né þær menntastofnanir sem sjá um djáknamenntun, heldur er hér um framtak áhugafólks á þessu sviði að ræða, en vonir standa til að sífellt fleiri miði skipulag djáknanámsins við þessar tillögur. Tillögugerðin birtist í IMPULS 1/2009 á ensku og þýsku. Enski titillinn er „Activity Profiles of Members of Communities within the ‚Associations in Diaconate‘ (Federation of German Diaconal Associations). Working paper.”⁵

Bologna ferlið

Megintilgangur Bolognaferlisins er að mynda samevrópskt háskólasvæði þar sem hreyfanleiki nemenda og háskólafélks er auðveldaður. Af þeim markmiðum sem menntamálaráðherrar þátttökulandanna að Bolognaferlinu komu sér saman um að stefna að er áhersla á að nám á háskólastigi sé skipulagt í grunnám og framhaldsnám, þar sem grunnám er að lágmarki 3 ár, meistaranám 2 ár og síðan doktorsnám.

Einnig er lögð áhersla á skilvirkt innra eftirlit og mat á öllu námi til að stuðla að sem mestu samræmi milli skóla og landa. Mikið er lagt upp úr að námsmarkmið séu skýrt fram sett, þ.e. að sú þekking, geta og hæfni sé tilgreind sem nemandi á að búa yfir að námi loknu. Þetta á bæði við um nám á fræðasviðum sem og á einstökum námskeiðum.

Þá er stefnt að því að gera prófskírteini aðgengileg með stöðluðum skíreinisviðauka (Diploma Supplement (DS)) við hefðbundin prófskírteini sem aðildarlöndin hafa samþykkt að fylgi öllum vitnisburði um nám frá og með 2005. Þar er gefin lýsing á því námi sem skírteinið vitnar um að lokið sé auk almennra upplýsinga um háskólanám í viðkomandi landi. Allir háskólar á Íslandi hafa þegar tekið upp skírteinisviðauka.

³ Sjá opinbera heimasíðu Bologna ferlisins: <http://www.ond.vlaanderen.be/hogeronderwijs/bologna/>

⁴ Sjá um þetta m.a. á:

http://www.europeunit.ac.uk/eu_policy_education/vocational_education_and_training.cfm

⁵ Fljótlega verður hægt að nálgast þetta skjal á: <http://www.vedd.de/cms/111>

Brugge-Kaupmannarhafnar ferlið

Í ljósi þess árangurs sem Bologna ferlið skilaði fyrir hærri menntun í Evrópu var ákveðið að fara af stað með svipaða vinnu fyrir starfsmenntun innan ESB og er það ferli gjarnan nefnt Brugge-Kaupmannarhafnarferlið (e. Bruges-Copenhagen process). Hvorutveggja kom í framhaldi af fundi leiðtogaráðs ESB í Lissabon í mars árið 2000 þar sem því var lýst yfir hve menntun gegnir mikilvægu hlutverki sem þáttur í efnahags- og félagslegri stefnu, sem afl er styrkir samkeppnisstöðu Evrópu á heimsvísu og sem trygging fyrir samheldni meðal samfélaga okkar og hagstæðustu lífsskilyrðum öllum til handa. Leiðtogaráð ESB lagði fram það stefnumið að Evrópusambandið verði öflugasta þekkingarhagkerfi heims. Þróun hágæða starfsmenntunar er afar mikilvægur hluti þessarar áætlunar, einkum til að auka félagslega aðlögun, samheldni, hreyfanleika, starfshæfni og samkeppnishæfni.

Mikilvægt skjal í þessu samhengi er Kaupmannahafnaryfirlýsingin frá 2002 þar sem evrópskir ráðherrar sem fara með starfsmenntamál sem og framkvæmdastjórn ESB settu fram yfirlýsingu um aukið samstarf í Evrópu á sviði starfsmenntunar.⁶ Skjalinu var ætlað að orða vilja þeirra sem að því komu um að auka frjálst samstarf á sviði starfsmenntunar í þeim tilgangi að efla gagnkvæmt traust, gegnsæi og viðurkenningu á hæfni og getu og að skapa þar með grundvöll fyrir aukinn hreyfanleika og gera fólki auðveldara að afla sér símenntunar. Samstarfinu um bættu starfsmenntun er ætlað að grundvallast á því markmiði sem leiðtogaráð ESB setti fyrir árið 2010 og fylgja hinni nákvæmu áætlun um starf og eftirfylgni sem markmiðaskýrslan kveður á um til að tryggja samræmi við markmið ESB-ráðsins (mennta- og menningarmál og málefni ungs fólks). Lagt er til að aðferðir séu valfrjálsar og byggist á grasrótarsamstarfi (bottom-up cooperation) og að framkvæmdir taki mið af þörfum almennings og einstakra stofnana á þessu sviði. Frá því að þessi samþykkt var gerð hefur verið unnið að eflingu samstarfs á þessum vettvangi með þátttöku aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnar ESB, umsóknarríkjanna, EFTA-EES-ríkjanna og aðila vinnumarkaðarins.

⁶ Sjá: <http://www.menntamalaraduneyti.is/malaflokkar/Menntun/starfsmenntun/nr/1170>

Evrópski viðmiðaraminn um menntun og prófgráður (EQF)

Eitt af þeim skjölum sem dr. Zippert vitnaði í, í fyrirlestri sínum kom út árið 2008 hjá ESB. Hér er um Evrópskan viðmiðaramma um lokapróf á framhaldsskóla- og háskólastigi að ræða. (European Qualification Framework, EQF).⁷ Hér er um verkfæri að ræða sem nýtast á skólum og öðrum sem bjóða upp á nám, formlegt sem óformlegt, til að skilgreina námið í átta mismunandi þrep. Þessi rammi er byggður á skilgreiningum á hvaða þekkingu, leikni (færni) og hæfni⁸ nemendur þurfa að sýna til að hafa lokið námi á hverju þrepi fyrir sig. En Evrópusambandið hefur sett fram lykilhæfniþætti (key competences) náms alla ævi (life long learning) um þá lágmarkshæfni sem hver og einn þarf að búa yfir til að geta verið virkur þjóðfélagsþegn. Þessir þættir eru tjáskipti á móturmáli, tjáskipti á erlendu tungumáli, tölulæsi og færni í vísindalæsi, færni í upplýsingatækni, námshæfni, félagsleg og borgaraleg þekking og hæfni, menningarläsi og tjáning auk þess að hafa þroskað með sér sköpunarmátt.

EQF-rammanum er ætlað að auðvelda samanburð á menntun og prófgráðum milli landa, beina sjónum að þekkingu, leikni og hæfni fólks við lok hverrar prófgráðu, byggja brýr milli starfsnáms og bóknáms og opna skólakerfið fyrir óformlegu og formlausu námi um leið og hvatt er til

⁷ Sjá: http://ec.europa.eu/dgs/education_culture/publ/pdf/eqf/broch_en.pdf

⁸ Á vefnum www.nymenntastefna.is eru þekking, leikni og hæfni skilgreind á eftirfarandi hátt:

Þekking

- er safn staðreynda, lögmála, kenninga og aðferða. Hún er bæði fræðileg og hagnýt.
- felur í sér athafnirnar að horfa, lesa, hlusta á, ræða eða önnur samskipti sem nýtast til öflunar þekkingar.
- felur í sér athafnirnar að ræða, flokka og bera saman þekkingu.
- felur í sér framsetningu þekkingar með ólíkum tjáningarformum svo sem munnlega, skriflega eða verklega.

Leikni

- er bæði vitsmunaleg og verkleg. Hún felur í sér að geta beitt aðferðum og verklagi.
- felur í sér þjálfun í aðferðum og verklagi.
- felur í sér val á aðferðum og skipulag verkferla.
- felur í sér að miðla leikni sinni með því að beita vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum mismunandi tjáningarforma

Hæfni

- felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og færni.
- felur í sér hagnýtingu og yfirfærslu þekkingar og færni. Sú athöfn gerir kröfur um siðferðisvitund, víðsýni, sköpunarmátt, umburðarlyndi og skilning nemandans á eigin getu.
- felur í sér úrvinnslu á þekkingu og færni nemandans, með því að bera saman, finna samband, einfalda, draga ályktanir, rökstyðja og ígrunda/fagleg gagnrýni/gagnrýnin hugsun. Þessar athafnir gera kröfu um að nemandi sýni sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum, ábyrgðartilfinningu og hæfni í að meta aðstæður, eigið framlag og annarra.
- felur í sér margvísleg tjáningarform þar sem vitsmunalegri, listrænni og/eða verklegri þekkingu og færni er miðlað. Þessar athafnir gera kröfu um að nemandi sýni sköpunarhæfni, innsæi og frumkvæði auk hæfni til að tjá hugmyndir, skoðanir og tilfinningar.

raunfærnimats. Miðað er við að lönd ramma inn eigin menntunartilboð og tengi síðan þann ramma (NQF) við hinn evrópska. Þjóðlegri útfærslu rammans er ætlað að kortleggja menntunartilboð viðkomandi lands og innbyrðis tengingar þannig að framboð og afrakstur menntunar verði gegnsæri.⁹ Enn fremur að leggja áherslu á hæfni nemenda við námslok. Miðað er við að öll lokapróf í menntun í hverju landi fyrir sig séu skilgreind á hæfniþrep NQF-viðmiðarammans og tengt eins og fyrr segir hinum evrópska viðmiðaramma. Írland, Malta, Bretland og Frakkland hafa þegar innleitt EQF að fullu. Aðildarlönd ESB og EFTA eru hvött til að tengja NQF við EQF í síðasta lagi 2010 en þó er hægt að draga þá vinnu fram til 2011. Miðað er við að öll ný próflok og prófgráður sem verða til í hverju landi frá og með 2012 tengist sjálfkrafa EQF.

Upphaf vinnunnar í Þýskalandi varðandi djáknanám í ljósi framangreindra ferla

Þegar framangreind vinna hófst hjá VEDD og samstarfsaðilum í kringum 2004 hafði algengasta viðmiðið varðandi djáknanám¹⁰ snúist um svonefnda tvíþætta menntun. Það viðmið hafði þá verið ríkjandi í allt að fjórtíu ár en ástæða þess að þetta viðmið var tekið upp á sínum tíma var frekar fjárhagslegt heldur en faglegt þar sem mjög mörg verkefni díakóníunnar og kirkjunnar eru fjármögnuð með styrktarfé eða rekstarfé frá þýsku ríki eða sveitafélögum og sífellt algengara að þetta fjármagn væri tengt því að starfsfólk sem framkvæmdi viðkomandi verkefni hefðu ákveðna menntun sem væri viðurkennd af þýska ríkinu. Því þótti nauðsynlegt að samtvinna djáknanámið

⁹ Á vefnum www.nymenntastefna.is er sett fram tillaga að tengslum milli íslensks og evrópsk viðmiðaramma um menntun og próflok. Þar sem íslenskir nemendur eru yfirleitt eldri þegar þeir hefja nám í framhaldsskóla miðar tillagan við að þrep 1 í íslenska viðmiðarammanum taki til tveggja fyrstu þrepa Evrópusambandsins.

EQF	NQF
Þrep 8	Þrep 7, Doktorspróf
Þrep 7	Þrep 6, Masterspróf
Þrep 6	Þrep 5, Bachelor
Þrep 5	Þrep 4, Iðnmeistarapróf, ýmsar prófgráður
Þrep 4	Þrep 3, Önnur lokapróf, próf til starfsréttinda, stúdentspróf
Þrep 3	Þrep 2, Önnur lokapróf, próf til starfsréttinda
Þrep 2	Þrep 1, Önnur lokapróf, próf til starfsréttinda
Þrep 1	

¹⁰ Valin er sú leið að tala hér um djákna og djáknanám en það er á vissan hátt einföldun frá texta dr. Zippert þar sem hann á við nám fyrir Djákna (kk og kvk) og “Diakonissen” sem eru evang. reglusystur sem starfa á vettvangi díakóníunnar.


við aðra menntun. Í takt við þá hugsun hefur nám djákna þá litið þannig út að um sambland á námi með viðurkenningu ríkis og námi með viðurkenningu kirkju hefur verið að ræða. Þannig hafa nemendur til dæmis farið í þriggja til fjögurra ára nám á EQF þrepi 5 eða 6 í félags- og uppeldisfræði, hjúkrun eða kennslufræði annars vegar og hins vegar í eins til tveggja ára djáknanám á vegum kirkju eða aðila á vettvangi kærleikspjónustunnar. Önnur leið hefur verið sú að fara í djáknafræði við háskóla (180 – 240 ECTS) fyrst og bæta svo við sig u.þ.b. árslöngu námi sem felur í sér viðurkenningu ríkisins, t.d. sem félagsráðgjafi eða félagsuppeldisfræðingur.

Um þetta leyti ráku aðilar á vettvangi kærleikspjónustunnar í Þýskalandi 18 skóla þar sem fram fór starfsnám djákna (vocational training, EQF þrep 5), tólf¹¹ einkareknir háskólar buðu upp á djáknanám (EQF þrep 6), auk þess sem starfandi voru 11 skólar á forsendum trúboðssamtaka. Að áliti dr. Zippert átti námið í flestum þessum stofnunum það sameiginlegt að vera of nálægt prestsnáminu hvað innihald varðaði, það er rík áhersla á GT, NT, kirkjusögu, Dogmatik og trúarlífsuppeldisfræði. Á sama tíma reyndist oft erfitt að bera námið saman sökum svæðisbundinna áherslna og hefða auk þess sem að lítið var um skýrar skilgreiningar á hlutverki djákna.

Nokkur tími fór í það hjá samstarfshópnum að tileinka sér þessa hæfnishugsun, skilgreina hvað fælist í því að leggja áherslu á þekkingu, leikni og hæfni, skilja viðmiðaramma og sniðmát og þá möguleika sem þeir gefa fyrir djáknanámið. En snemma þótti fólki ljóst að hér væri um tækifæri að ræða og var valið að fara þá leið að svara því fyrst hvaða þekkingu, leikni og hæfni djáknar þyrftu við störf sín og ákvaða innihald námsins út frá því. Hér var semsagt lagt upp í ferli sem ætlað var að skerpa á hlutverki djákna og því tvíþætta námi sem einkenndi djáknanámið og þá þannig að ljóst væri að hér væri ekki um „small pastors“ að ræða, heldur fagfólk á sviði félagslegrar umönnunar sem hefði guðfræðilega-díakonískan bakgrunn. Að sama skapi þótti mikilvægt að horfa til þarfa einstaklinganna sem sæktu námið, bæði í ljósi þess að þau þyrftu að vera hreyfanleg á milli svæða (flutt þangað sem vinnuna er að hafa) og geta skipt um starfsvettvang, þ.e. fengið menntun, reynslu og óformlegt nám metið í ljósi hugmynda um nám alla ævi. Á eftirfarandi mynd má sjá hvernig dr. Zippert stillir því umhverfi upp sem hann sér díakóníuna í Þýskalandi í og sniðmengi díakóníunnar við hin ýmsu fagsvið félagslegrar þjónustu og umönnunar.

¹¹ Þeim hefur nú fækkað í tíu.

The German field of social and nursing professions



Mynd 1.

Hæfnislýsing

Hæfnislýsingar þær sem settar eru fram í skjali djáknasamtakanna (bls. 9-15) sýna fjóra grunnþætti í hæfni þeirra sem ráðast til djáknastarfs: Viðkomandi þyrftu að geta miðlað fagnaðarerindinu og hinni kristnu trú; geta stutt við fólk í hverskonar tilvistarkreppum; sýnt faglega virkni innan kirkju og diakónískra stofnanna og haft áhrif á mótun hins félagslega umhverfis. Gengið er út frá því að starfsvettvangur djákna sé tvenns konar, annars vegar innan kirkju og hins vegar utan kirkjunnar. Á hvorum starfsvettvangi fyrir sig séu tveir meginmarkhópar, þ.e. annars vegar einstaklingar og hópar og hins vegar stofnanir. Í þessum skilningi eru gerðar fjórþættar kröfur til djáknans: Einstaklingum og hópum innan kirkjunnar

þarf að mæta á forsendum guðfræðinnar, einstaklingum og hópum utan kirkjunnar þarf að mæta með samflettingu hins guðfræðilega og félagslega, stofnunum innan kirkjunnar þarf að mæta með hæfni og stofnunum utan kirkjunnar með hæfni fræðimannsins. Á mynd 2 hér til hægri má sjá hvernig dr. Zippert setti þetta upp:


Logic of the Competence „Matrix“

<i>Fields of activity</i>	„inside church“	„outside“
<ul style="list-style-type: none"> • <i>Target group:</i> • individuals/ groups 	theo-logical	„congruation“ of theological and social
<ul style="list-style-type: none"> • institutions 	Com-petences	scientific Competences

Mynd 2.

Frá hæfnislýsingu til starfslýsingar

Næsta skref sem starfshópurinn tók var frá hæfnislýsingu (competence matrix) að starfslýsingu (activity profile) með því markmiði að koma orðum að því sjáanlega og lýsanlega í starfi djákans sem byggði á fyrrnefndri hæfnislýsingu. Slíkri nálgun er ætlað að greina nánar þá sérstöðu sem er fólgin í starfi djákans. Tekið er fram að mjúku hliðar málsins, þ.e. viðhorf, trúarlíf, gildi o.s.frv. séu hér ekki í fyrirrúmi þrátt fyrir mikilvægi sitt. Í því samhengi sem hér sé unnið gildi að horfa á harðar staðreyndir um mismunandi þrep faglegrar þekkingar, leikni og hæfni. Þetta séu þættir sem muni skila skýrari sjálfsmynd djákna. Samhliða þessu þurfi að vinna að því að söfnuðir og aðilar sem starfa á vettvangi kærleiksþjónustunnar vinni að stefnumótun þar sem orðum sé komið að því í hverju diakónískt starf þeirra sé fólgið. Hlutverk skólastofnanna sé svo að móta djáknanám þar sem horft er til þess að innihaldið sé verkefnaðið, þ.e. spurt hvað djákninn þurfi að kunna til að geta framkvæmt það sem er í starfslýsingu hans / stefnumótun þess aðila sem ræður viðkomandi djákna til starfs. Eftirfarandi yfirlitsmynd (mynd 3) gefur þetta nánar til kynna:



Staðan í dag

Að mati dr. Zippert þokast málið hægt áfram í Þýskalandi, aðeins stöku skólar eru byrjaðir að taka mið af þessari vinnu við kennsluskrágerð. Samtímis eykst fjölbreytni djáknanáms á bæði BA og MA stigi þar sem engin samhæfing á sér stað og hann spyr um grundvöll gagnkvæmrar viðurkenningar námsins. Dr. Zippert álitur að þýski viðmiðaraminn (NQF) og tenging hans við Evrópska viðmiðarammann skapi mjög gott tækifæri til þessarar vinnu í Þýskalandi, menn eigi bara eftir að hrökkva í girinn. Næsta skref hljóti að vera að þær stofnanir sem bjóða upp á djáknanám og vinnuveitendur djákna setjist við sama borð til að greina hæfnisþætti sem þarf víða, hæfnisþætti sem tengjast sérstökum verkefnum/stöðum og spyrja um aðra þætti sem máli skipta.

Sýn dr. Zippert á embætti djákna

Í lok fundarins kynnti dr. Zippert eigin sýn á embætti djákna sem hann byggir á þrjúþættu framsetningu Friedrichs Schleiermacher á framkvæmdarsýn kirkju sem vill fá staðist, en Schleiermacher talar um „darstellendes Handeln“ kirkjunnar, þ.e. kynningarstarf kirkjunnar þar sem fagnaðarerindi er miðlað, sérílagi í gegnum guðsþjónustuna og samtöl; „erweiterndes Handeln“ þ.e. útbreiðslu kristninnar þar sem yngri kynslóðir og fólk utan kristni er tekið inn í samfélagið og „reinigendes Handeln“ þ.e. hreinsunarstarfið þar sem þeim sem hafa fallið frá kristni, týnt trú sinni eða ekki haft tæk á því að sinna henni sökum margskonar aðstæðna er gert kleift að koma aftur, sbr. Mt. 25.

Hér benti dr. Zippert á að vissulega mætti sjá þetta hlutverk innan hins eina vígða embættis, en einnig mætti tala um að hér væri um margvíslega þjónustu, eða embætti að ræða, þar sem presturinn hefði það hlutverk að miðla fagnaðarerindinu, kennarinn hefði það hlutverk að sinna útbreiðslu kristninnar og djákinn það hlutverk að sinna þeim sem hefðu fallið frá kristni, týnt trú sinni eða ekki haft tæk á því að sinna henni. Hér þyrfti á mismunandi hæfni að halda, allt eftir því í hvers konar hópi væri verið að starfa, sérhæfingar væri þörf.

Í þessu samhengi horfði dr. Zippert til félagsfræðinnar og ítrekaði mikilvægi færninnar að geta átt tjáskipti við aðra á jafningjagrundvelli um leið og hann minnir á mismuninn á milli þeirra sem byggja þetta samfélag. Það gildi að átta sig á þessum mismun og kunna að tala inn í heim hvers og eins út frá því hvernig viðkomandi skilgreinir og upplifir eigin veruleika. Og hér sér hann

sérþjónustu djáknans, djákninn þurfi að geta farið út fyrir ramma embættisins og sinnt fólkinu á meðal fólksins, það sé sérhæfingin sem önnur menntun til þjónustu kirkjunnar hafi ekki.

3. Starfsemi Hephata

Díakóníustarf á þeim stað þar sem aðalstöðvar Hephata eru í dag í Schwalmstadt hófst þegar árið 1864 með starfsemi reglusystra „Kurhessisches Diakonissenhaus“ en það starf flutti 1883 til Kassel. Það var svo árið 1901 að reglubræður stofnuðu félagsskapinn Hephata en starfið fer fram innan evangelísku kirkjunnar í Kurhessen-Waldeck. Þá á Hephata aðild að Diakonisches Werk í

Þýskalandi. Í erindi sínu greindi dr. Zippert frá sögu starfseminnar og sýndi meðal annars mynd af minnismerki sem stendur á lóðinni um þau 400 konur og karla sem voru leidd á brott af nasistum á valdatíma þeirra og komið fyrir á stofnunum sem þeir ráku, en meira en helmingur þessa fólks var myrt fyrir þá meintu sök að vera fatlað.



Kjörorð eða leiðarljós starfsins á Hephata eru í samræmi við nafn félagsins þar sem vitnað er í sjöunda kafla Markúsarguðsspjalls. Þar er að finna frásögn af því þegar Jesús læknaði mann sem var blindur og heyrnarlaus með orðinu „effaþa“ en það þýðir „opnist þú“ og þannig hafa þau komið orðum að leiðarljósum starfsins sem hér segir:


- Opnum okkur sé það sem einkennir hugarfar okkar
- Opnum okkur einkenni framkvæmdir á vegum félagsins
- Opnum okkur í kærleik til nágretta okkar og okkar eigin faglegru vinnubragða
- Opnum okkur í átt að réttlátara samfélagi
- Opnum okkur með því að mæta öðrum

Árið 2008 velti starfsmannahald Hephata 79,5 milljónum Evra, en það ár störfuðu 1597 konur og 706 karlmenn fyrir Hephata í samtals 1513 stöðugildum. Hephata rekur fjölda starfsstöðva í Hessen, Thüringen og Bæjarahéraði á vettvangi fjölskylduhjálpar, meðferðar, dvalarúrlausna,

heilbrigðisþjónustu, félagslegrar aðstoðar og menntunar. Helstu áskoranir varðandi framtíð starfsins tengjast þeirri viðleitni að draga úr einangrun fatlaðra með því að skapa þeim búsetu og atvinnuskilyrði á meðal almennings, en Hephata hefur nú unnið að því um nokkurt skeið að verða sér úti um íbúðir sem henta skjólstæðingum þeirra en eru staðsettar á milli íbúða almennings og ekki í sérstökum klösum eins og tilfellið er á Hephata.

Djáknanám er mikilvægur liður í starfi Hephata og hefur félagið þann háttinn á að vera í samstarfi við evangelíska háskólann í Darmstadt.¹² Auk þess býður Hephata upp á ýmsar fleiri námsleiðir innan skóla Hephata sem þau nefna „Akademie für soziale Berufe“. Á mynd 4 „Ways of career“ má sjá yfirlit yfir helstu námsleiðir hjá Hephata:

Ways of career



Mynd 4.

¹² Um námið á BA-stigi sjá: <http://gemeindepaedagogik.efhd.de/index.php> og um námið á MA-stigi sjá: <http://www.efh-darmstadt.de/diakoniewissenschaft/index.php>

Í náminu er lögð sérstök áhersla á einstaklingsbundna handleiðslu, nán tengsl fræða og starfs, stöðugt mat á eigin færni og viðhorfi díakóníunnar sem er ætlað að endurspeglast í framkomu og viðhorfi kennara til stúdenta. Að sögn dr. Zippert standa vonir til þess að hægt verði að byggja upp tengsl á milli djáknanema sem og djákna á Íslandi við Hephata, hvort heldur er í tengslum við námið sjálft eða á annan hátt.

4. Johann Gottfried Herder

Föstudaginn 9. apríl kl. 13:20 stóð svo guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands fyrir málstofu um sýn guðfræðingsins Herder á þjóðerni og menningu þar sem dr. Thomas Zippert var fyrirlesarinn, en doktorsritgerð hans fjallaði um Herder. Málstofan var haldin í stofu A229 í aðalbyggingu HÍ og sóttu um 20 manns fyrirlesturinn sem var á ensku.

Johann Gottfried Herder (1744-1803) var þýskur guðfræðingur sem hafði áhuga á mörgu sem lá utan guðfræðinnar í þröngum skilningi hennar. Þannig fékkst hann við bókmenntir og bókmenntagagnrýni, heimsspeki tungu og tjáningar, þjóðvísur og ævintýri, vísindi upplifunar og þekkingar og aðferðafræði sagnfræðinnar svo dæmi séu nefnd. Í erindi dagsins dr. Zippert um útbreiðslu kristindómsins í hinum margbreytilegu menningarheimum út frá sýn Herders og kom sérstaklega inn á áhuga hans á norrænni goðafræði. Hér horfði hann sérstaklega til skrifa Herders í síðasta handriti hans sem var ólokið þegar Herder féll frá 1803, en þar fæst Herder við tengsl norrænnar goðafræði við nútíma ljóðskáld. Herder þýddi meðal annars Völuspá á þýsku og fjallaði mikið um Edduna í skrifum sínum og áleit að ritstjórn hennar og mótun hafi byggt á kristinni trú. Dr. Zippert kom einnig inn á sýn Herders á kristna trú sem þann þátt sem hafi menntunarlega séð haft mest áhrif á gang sögunnar, hugmyndir um manngæskuna í kristni, um kristni sem trúarbörgð allra trúarbragða og eðli kristni sem trúarbragða sem geti tengst hverskonar menningarheimum, en megi um leið ekki vera mótuð af of nánnum tengslum trúar og menningar. Þá lagði hann ríka áherslu á að stór munur væri á sýn þriðja ríkisins á menningu og þjóðerni annars vegar og sýn Herders á menningu og þjóðerni og að það sama gildi um viðhorf Herders til norrænnar goðafræði sem væri áhugi af heilbrigðum toga, en ekki í stíl við þá misnotkun á hugmyndafræðinni sem hefði viðgengist á tímum nasista.

5. Lokaorð

Heimsókn dr. Thomas Zippert er kærkomið tækifæri til þess að hvetja til frekari umræðu um störf og nám djákna. Að undirbúningi heimsóknar hans komu aðilar frá djáknafélaginu, biskupsstofu og guðfræði- og trúarbragðafræðideild. Fagna ber því góða samstarfi sem þar fór fram og vonandi telst það heillaskref í átt að enn frekara samstarfi þessara aðila í þeirri viðleitni að skapa virkar tengingar á milli uppbyggingar djáknastarfsins innan kirkjunnar sem og á stofnunum við það nám sem fram fer í HÍ.

Akureyri, 20. Apríl 2010

Pétur Björgvin Þorsteinsson